

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 40,88 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 68,60 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:
Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 4 256,00 og síðan kr. 8,51 fyrir hvern m³ þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 105.

24. febrúar 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 304,30 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 15,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Pegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

A-liður: $H = 10\,870,00 + 11,95 \times V$

B-liður: $H = 16\,306,00 + 17,70 \times V$

C-liður: $H = \frac{H_n}{10\,870,00 \times n + 11,95 \times V_n} \times (10\,870,00 + 11,95 \times V)$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1982, 909 stig.